

## 16. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps

### kjörtímabilið 2018-2022 v/Undralands haldinn

20. maí 2021 kl. 15.00

**MÆTT:** Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri og Katrín Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Maja Vistrup, fulltrúi foreldraráðs.

#### FUNDURINN FÓR FRAM Í HUPPUSAL Í FÉLAGSHEIMILI HRUNAMANNA

#### DAGSKRÁ:

1. Skóladagatal 2021-2022
2. Skýrsla skólastjóra
3. Starfsmannakönnun
4. Bréf ódags., sent 6. apríl og varðar athugasemdir vegna sóttvarnarreglna og framkvæmdadags í leikskólanum.

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomid og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

#### 1. Skóladagatal 2021-2022

Leikskólastjóri fór yfir skóladagatal Undralands fyrir haustið 2021 – vor 2022. Málið rætt. Skólanefnd samþykkir dagatalið að öðru leyti en því að ekki verði vetrarfrí í febrúar.

#### 2. Skýrsla skólastjóra

Nú er langt liðið á þetta skólaár og ýmislegt hefur gengið á. Covid ber þar höfuð og herðar yfir annað. Varla var búið að rýmka aðgang foreldra að leikskólanum þegar við skelltum í lás fyrir páska. Þá var, á landsvísu, gripið til harðari aðgerða þar sem nýtt afbrigði skaut upp kollinum, það breska. Talið var að börn smituðust frekar af því afbrigði heldur en því eldra. Grunn- og framhaldsskólar lokuðu og foreldrar leikskólabarna voru hvattir til að halda þeim heima fram yfir páska.

Hér var fimmtudagurinn, 25. mars, notaður til að leggja línurnar. Í nýrri reglugerð var gert ráð fyrir að 10 manns mættu vera í rými og þar sem leikskólinn er eitt rými, samkvæmt skilgreiningu, var ákveðið að skipta nemenda- og starfsmannahópnum í tvennt föstudag og mánudag, nota þriðjudaginn til þess að fara í ýmsar framkvæmdir inni á leikskólanum og síðan var á skóladagatali gert ráð fyrir starfsdegi á miðvikudeginum. Sem betur fer var hægt að opna aftur eftir páska en ég tel að þessar aðgerðir hafi verið skynsamlegar, bæði var starfsfólk uggrandi og mikilvægt að sýna samstöðu sem hefur í raun verið mikil allan þennan tíma sem covid hefur verið að herja á okkur. Svo vita nú allir hver staðan var hér í sveitarfélaginu í byrjun maí þegar smit kom upp í Flúðaskóla og starfsemi leikskólans var í lágmarki.

Starfsmannakönnun fór fram í mars og kom hún vel út en alltaf er eitthvað sem er vert að skoða og reyna að laga. Eins og gefur að skilja hefur verið mikið álag á starfsmönnum leikskólans undanfarið ár og oft komið upp tímar þar sem vanlíðan vegna óöryggis tengt covid hefur herjað á fólk. Ég sem leikskólastjóri hef látið fólk vita að það getur leitað til mín og eins var í boði að hafa samband við sálfræðing hjá Skóla-og velferðarþjónustunni.

Vinnutímastytting sem tekin var upp í byrjun árs hefur mælst misjafnlega fyrir og það er mín trú að hugmynd starfsmanna um að loka milli jóla og nýárs myndi koma betur út fyrir alla heldur en loka kl. 15:00 á föstudögum. Þetta fyrirkomulag á að endurskoða nú í vor og fer sú vinna vonandi að komast í gang. Með nýjum kjarasamningum eiga starfsmenn sex vikur í sumarfrí, 30 virka daga, og þarf að huga að því hvernig á að leysa það því það má vera ljóst að það þarf að manna þann tíma sem eftir stendur ef leikskólinn er lokaður í fimm vikur, 25 virka daga.

Það þarf nauðsynlega að fara að huga að því að bæta starfsumhverfi leikskólans gagnvart grunnskólanum því að ljóst er að starfsfólk er að færa sig á milli stofnana. Lokun milli jóla og nýárs og vetrarfrí í leikskólanum gæti verið stórt skref í þá átt að jafna það bil sem er á milli leik-og grunnskóla.

Því miður er fagmenntað fólk að gefast upp í vinnu á leikskólanum. Það er bæði vegna þess að því finnst lítil virðing borin fyrir starfinu, foreldrar gera óraunhæfar kröfur, vilja hreinlega stjórna því hvað og hvernig hlutirnir eru gerðir og síðast en ekki síst er mikið álag í vinnu þar sem ekki er ráðið inn starfsfólk til að sinna þeim börnum sem einhverra hluta vegna rekast ekki alveg með hinum börnunum.

Ég vona að okkur auðnist að halda í það frábæra starfsfólk sem er hér á leikskólanum en til þess þarf virkilega að leggjast saman á árar og bæta starfsumhverfið og ekki síður að bera virðingu fyrir því starfi sem fram fer á leikskólanum og ég þreytist ekki á að minna á að leikskólinn er fyrsta skólastigið en EKKI þjónustustofnun. Meðan það er viðhorfið frá yfirvöldum er mjög erfitt að halda góðu fólki í vinnu.

Eins og ég sagði í upphafi er langt liðið á skólaveturinn. Maí hefur verið kaldur en sólríkur og skólastarfið hefur verið mikið utandyra. Kennarar eru duglegir við að fara í allskonar ferðir í nágrenninu og við erum með hugmyndaríka kennara sem gera allskonar tilraunir með börnunum. Í júní verður, eins og venjulega, skógarvika, vatnsvika og fjallgönguvika. Það eru uppi hugmyndir um hjóladaðag, útskrift elstu nemenda verður 10. júní og svo fara börnin í sumarfrí 1. júlí og starfsmenn 2. júlí.

Í ljósi þess að Hrunamannahreppur ætlar að gefa sig út fyrir að vera barnvænt sveitarfélag fyndist mér upplagt að ræða við þá sem vinna með börnin og hafi fulltrúa frá leikskólanum með í innleiðingarnefnd.

Allt sem ég hef hér talið upp að framan er að mínu mati liður í því að gera börnunum hátt undir höfði og leyfa þeim að njóta vafans eins og þau eiga að gera.

Skólanefnd þakkar leikskólastjóra fyrir framlagða skýrslu. Ljóst er að covid faraldurinn, hefur ásamt öðrum atriðum valdið auknu álagi í starfi skólans sem endurspeglast í væntanlegum breytingum í starfsmannahaldi hans. Því er ljóst að auglýsa þarf lausar stöður fyrir haustið.

Undir þessu lið vill Skólanefnd hrósa leikskólanum sérstaklega fyrir nýja og aðgengilega heimasíðu, undraland.is

### **3. Starfsmannakönnun.**

Leikskólastjóri fór yfir niðurstöður starfsmannakönnunar sem gerð var í mars sl. Ánægjulegt er að í heildina kemur könnunin vel út, en þó eru þar atriði sem skoða þarf nánar og vinna úr, sbr. skýrslu leikskólastjóra hér að ofan.

### **4. Bréf ódags., sent 6. apríl og varðar athugasemdir vegna sóttvarnarreglna og framkvæmdadags í leikskólanum.**

Formaður lagði fram, til kynningar, bréf frá foreldri, ódagsett en sent í tölvupósti þann 6. apríl sl..

Eins fram kemur í yfirskrift bréfsins er um að ræða athugasemdir vegna sóttvarnarreglna og framkvæmdardags í leikskólanum Undralandi.

Skólanefnd þakkar fyrir bréfið. Um er að ræða liðna atburði sem vonandi munu ekki endurtaka sig. Skólanefnd vonast til að þær takmarkanir sem átt hafa sér stað í samfélaginu séu nú að baki.

Skólanefnd vill taka fram að ákvörðun um breytingu á skóladagatali vegna framkvæmda var ekki tekin af nefndinni.

Næsti fundur ákveðinn síðar. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.